



YFIRLIT ÁRSINS 2023

FLUGSVIÐ



Efnisyfirlit


| | |
|---|----|
| TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS | 3 |
| TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU | 4 |
| RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU | 6 |
| NEFNDARFUNDIR..... | 8 |
| TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT | 9 |
| Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2023: | 11 |
| Almenn tilmæli til flugmanna sem gerð voru á árinu 2023:..... | 14 |
| ERLENT SAMSTARF 2023 | 15 |
| NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2023 | 15 |
| BANASLYS..... | 16 |
| OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2023 | 18 |
| Aldur opinna mála..... | 18 |
| Opin mál í árslok | 19 |

TILKYNNINGAR UM ATVIK - ALVARLEG FLUGATVIK - FLUGSLYS

Á árinu 2023 bárust flugsviði RNSA alls 5.753 tilkynningar um flugatvik, alvarleg flugatvik og flugslys. Hefur tilkynningum fjölgað mikið á milli ára en líklega hafa áhrif Covid-19 mest áhrif á fækkun tilkynninga á árunum 2020-2021, vegna minni umsvifa í flugi.

Á árinu 2006 tók gildi reglugerð um aukna tilkynningaskyldu atvika í flugi. Árið 2007 var fyrsta árið eftir gildistöku hennar og bárust 554 tilkynningar það ár. Atvik eru tilkynnt til Samgöngustofu og fær flugsvið RNSA afrit af þeim í þeim tilgangi að ákveða hvort eitthvert þeirra flokkist sem alvarlegt og skuli því tekið til rannsóknar. Vakin er athygli á því að á stundum berast RNSA fleiri en ein tilkynning um sama atvikið og skýrir það m.a. hvers vegna RNSA mælir fleiri tilkynningar en Samgöngustofa. Þess ber að geta að almennt tekur RNSA alvarleg flugatvik og flugslys til rannsóknar en önnur tilkynnt atvik eru til skoðunar/greiningar hjá Samgöngustofu og nýtast meðal annars í úttektum og öðru eftirliti.

Á myndinni hér að neðan má sjá fjölgun tilkynninga á árunum 2014 til 2023. Á myndinni má svo sjá verulega fækkun tilkynninga á árunum 2020 og 2021 og er það rakið til almennrar fækkunar flugstunda sökum Covid-19. Árið 2022 varð mikil fjölgun tilkynninga að nýju, í samræmi við þróun tilkynninga fyrir Covid-19 faraldurinn, og hélt sú aukning áfram árið 2023.



Þess ber að geta að aukning á fjölda tilkynninga á árunum 2011-2019, sem og árin 2022-2023, má ekki endilega rekja til þess að öryggi í flugi sé að rýrna heldur frekar að tilkynningarskildir aðilar eru duglegri að tilkynna en áður ásamt aukinnar flugumferðar.

TEKIÐ TIL RANNSÓKNAR Á ÁRINU


Á árinu 2023 skoðaði flugsvið RNSA 26 mál af þeim atvikum sem tilkynnt voru. Voru fjögur málanna skráð sem flugslys og þar af eitt sem banaslys. Fimm mál voru skráð sem alvarleg flugatvik og tvö mál sem alvarleg flugumferðaratvik. Að auki aðstoðaði RNSA systurstofnanir í erlendum ríkjum við tvær rannsóknir tengdum íslensk skráðum loftförum. Voru þessi þrettán mál tekin til formlegrar rannsóknar. Þrettán mál reyndust þess eðlis að ákveðið var að rannsaka þau ekki frekar eða þau færð undir aðra rannsókn.

Á töflunni hér að neðan má sjá yfirlit skráðra mála hjá flugsviði RNSA á árinu 2023.

| Málsnúmer | Flokkun | Heiti | Skráning | Tegund | Staður | Dags |
|------------|--------------------------------------|---|-----------------|------------------------------------|---------------------------|-----------|
| 23-005F001 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Unsecured ballast in main cargo hold | TF-BBL | Boeing 737-400 | Paris | 10.2.2023 |
| 23-013F002 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Diverted due to stuck LH throttle | TF-FIK | Boeing 757-200 | BIKF | 27.2.2023 |
| 23-014F003 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Mótormissir í aðflugi | TF-KFE | Diamond DA-42 | BIKF | 3.3.2023 |
| 23-015F004 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Hlekkist á í landingu | TF-FLL | Textron 172N | BIKF | 22.3.2023 |
| 23-016F005 | Alvarlegt flugatvik | Í óstjórnaðri lækun | TC-JJJ | Boeing 777-300 | Norðan langjökuls | 13.2.2023 |
| 23-025F006 | Alvarlegt flugatvik | Rann út af braut | TF-KFL | Diamond DA-40 | Stóra-Kropp | 28.4.2023 |
| 23-028F007 | Alvarlegt flugumferðaratvik | Árekstrarhætta | TF-TWO / FUNI14 | Textron 150L / brautarskoðunarbíll | BIRK | 23.4.2023 |
| 23-029F008 | Alvarlegt flugatvik | Árekstrarhætta við jörð | TF-FXG | DHC-8-200 | BIKF-BIRK | 22.5.2023 |
| 23-033F009 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Fisi hlekkist á í akstri (taxi) utan brautar í Nýjadal | OK-BUG11 | Shark Aero | Nýjadal | 4.6.2023 |
| 23-034F010 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Flak finnst vegna M-00608/AIG-02 N5030Q Fór í sjóinn vestur af Keflavík | N5030Q | Cessna 310 | Vestur af Keflavík | 8.3.2023 |
| 23-035F011 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Damaged during takeoff in Greenland discovered after landing at BIRK | N44WN | Socata TBM700N | BIRK | 17.6.2023 |
| 23-041F012 | Flugslys | Hlekkist á í flugtaki á golfvelli | TF-MET | I.C.P. Savannah S | Fljótshlíð | 2.7.2023 |
| 23-042F013 | Alvarlegt flugatvik | Engine failure | TF-NLC | DHC-6-300 | BIAR | 15.5.2023 |
| 23-052F014 | Flugslys | Flugslys á fjalli | TF-KLO | Textron 172N | Austurland | 9.7.2023 |
| 23-053F015 | Flugslys | Ekur á svifvængjamann í landingarbruni | TF-KAU | Boeing PT17 | Múlakoti | 29.7.2023 |
| 23-059F016 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Hörð landing á Hólmsheiði | TF-227 | | Hólmsheiði | 17.6.2023 |
| 23-060F017 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Flugumferðaratvik við gosstöðvarnar við Litla-Hrút á Reykjanesi | TF-JEG / TF-EJG | Textron 172N / Textron 172K | Litli-Hrútur á Reykjanesi | 19.7.2023 |
| 23-061F018 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Fell a sleep during climb from CDG | Play air | Airbus 320 | CDG | 23.7.2023 |

| | | | | | | |
|------------|--------------------------------------|--|-----------------|----------------------------------|-----------------------|------------|
| 23-062F019 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Flugumferðaratvik í aðflugi að BIRK | TF-FGC | Diamond DA-20 | BIRK | 27.8.2023 |
| 23-063F020 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | Með lendarheimild á braut 01 og FUNI 14 á braut | ICE27Y | DHC-8-200L / brautarskoðunarbíll | BIRK | 2.8.2023 |
| 23-064F021 | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | EHR52 RWY incursion when TF-FXE landing on RWY19 at BIRK | EHR52 / TF-FXE | Airbus AS350B2 / DHC-8-400 | BIRK | 4.8.2023 |
| 23-065-022 | ACCREP - Aðstoð við erlenda rannsókn | Hard landing | TF-AMI | Boeing 747-400 | KGSP | 23.7.2023 |
| 23-067F023 | Alvarlegt flugumferðaratvik | Flugumferðaratvik í aðflugi | TF-TWO / FEI757 | Textron 150L / Jetstream 3200 | BIRK | 13.9.2023 |
| 23-073F024 | Alvarlegt flugatvik | Tail strike | TF-LLL | Boeing 757-200 | Varanasi India | 10.11.2023 |
| 23-074F025 | Flugslys | Hlekkist á í snertilendingu | TF-205 | I.C.P. Savannah S | Hólmsheiði | 19.11.2023 |
| 23-078F026 | ACCREP - Aðstoð við erlenda rannsókn | Tailstrike og stick shaker í flugtaki | TF-AMK | Boeing 747-400 | Hahn (EDFH) Þýskaland | 29.11.2023 |

Fjöldi mála sem tekin hafa verið til rannsóknar á síðustu 10 árum.



RANNSÓKNIR SEM LOKIÐ VAR ÁRINU

Á árinu 2023 lauk flugsvið RNSA alls 23 málum. Þar af var þremur málum lokið með útgáfu á lokaskýrslu. Þremur málum var lokað með bókun, eitt mál var sameinað öðru máli og sextán mál reyndust við nánari skoðun vera atvik og voru því ekki rannsökuð frekar.


| Málsnúmer | Heiti | Afgreiðsla | Opnað | Lokað |
|------------|--|---|------------|------------|
| 19-084F022 | TF-FIK Engine shutdown and diverted | Lokað með bókun | 9.6.2019 | 7.12.2023 |
| 19-159F044 | TF-ISF declared fuel emergency and landed on closed RWY 01 | Skýrsla | 28.10.2019 | 7.12.2023 |
| 20-014F001 | TF-FIA Lendingarbúnaður gaf sig | Lokað með bókun | 7.2.2020 | 7.12.2023 |
| 20-085F016 | TF-KFG og HA-LXG Flugumferðaratvik | Skýrsla | 22.8.2020 | 7.12.2023 |
| 22-053F007 | TF-ASK mótorbilun og nauðlending á Fúlukinnarfjalli á Tröllaskaga | Skýrsla | 23.7.2022 | 27.4.2023 |
| 22-067F008 | TF-AMC hreyflahlíf féll af á flugi og hafnaði á húsi nærri Liege | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 8.9.2022 | 10.2.2023 |
| 22-092F018 | TF-FIK Hliðarstýri skemmdist er vængendi annarrar flugvélar rakst í það | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 28.9.2022 | 8.6.2023 |
| 22-100F021 | TF-BBM rann stað yfir akbraut og skemmdist á París CDG | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 20.11.2022 | 4.9.2023 |
| 22-110F022 | TF-MYB eldsneytisþurrð á hreyfli vegna sprungins drainbolla | Lokað með bókun | 22.12.2022 | 23.11.2023 |
| 23-005F001 | TF-BBL unsecured ballast in main cargo hold in Paris (CDG) | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 10.2.2023 | 18.10.2023 |
| 23-013F002 | TF-FIK diverted back to BIKF due to stuck LH throttle | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 27.2.2023 | 20.3.2023 |
| 23-014F003 | TF-KFE mótormissir í aðflugi að BIKF | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 3.3.2023 | 20.3.2023 |
| 23-015F004 | TF-FLL hlekkist á í landingu á BIKF | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 22.3.2023 | 27.3.2023 |
| 23-033F009 | OK-BUG11 fisi hlekkist á í akstri (taxi) utan brautar í Nýjadal | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 4.6.2023 | 7.6.2023 |
| 23-034F010 | Flak finnst vegna M-00608/AIG-02 N5030Q Fór í sjóinn vestur af Keflavík | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 8.3.2023 | 18.10.2023 |
| 23-035F011 | N44WN damaged during takeoff in Greenland discovered after landing at BIRK | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 17.6.2023 | 11.10.2023 |
| 23-059F016 | TF-227 hörð landing á Hólmsheiði | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 17.6.2023 | 12.9.2023 |
| 23-060F017 | TF-JEG og TF-EJG flugumferðaratvik við gosstöðvarnar við Litla-Hrút á Reykjanesi | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 19.7.2023 | 12.9.2023 |

| | | | | |
|------------|---|---|-----------|------------|
| 23-061F018 | Play air - Fell a sleep during climb from CDG | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 23.7.2023 | 12.9.2023 |
| 23-062F019 | TF-FGC flugumferðaratvik í aðflugi að BIRK | Sameinað máli 21-057F011 þemarannsókn | 27.8.2023 | 12.9.2023 |
| 23-063F020 | ICE27Y með landingarheimild á braut 01 og FUNI 14 á braut | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 2.8.2023 | 12.9.2023 |
| 23-064F021 | EHR52 RWY incursion when TF-FXE landing on RWY19 at BIRK | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar | 4.8.2023 | 12.9.2023 |
| 23-065F022 | TF-AMI hard landing | Ekki tekið til formlegrar rannsóknar (ACCREP) | 23.7.2023 | 21.11.2023 |

Á árinu 2023 vann RNSA að umfangsmikilli rannsókn vegna banaslyss í Þingvallarvatni á árinu 2022 auk rannsóknar vegna banaslyss á Austurlandi sumarið 2023.

NEFNDARFUNDIR

Á árinu 2023 voru haldnir 20 nefndarfundir á flugsviði RNSA, en að meðaltali hafa verið haldnir um 24 fundir á flugsviði á ári síðustu 10 ár eða um aðra hverja viku. Skipað var í nefndina að nýju sumarið 2023 og skýrir það aðeins færri fjölda nefndarfunda en undanfarin ár.




Helstu verkefni á nefndarfundum er yfirferð á drögum um lokaskýrslur, meðferð þeirra athugasemda sem gerðar eru við lokadrög ásamt meðferð lokaskýrslna. Þá eru tæknileg atriði rannsókna einnig til umfjöllunar á nefndarfundum.

TILLÖGUR/TILMÆLI Í ÖRYGGISÁTT

Flugsvið RNSA gaf út tíu tillögur í öryggisátt og fjórar mikilvægar ábendingar til aukins flugöryggis á árinu 2023. Bent er á að það sem áður var kallað tilmæli, kallast nú mikilvægar ábendingar og er það liður í því að samræma útgáfu efnis þvert á svið rannsóknarnefndarinnar. Á síðastliðnu tíu ára tímabili eða frá árinu 2014 hefur flugsvið RNSA gefið út samtals 133 mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) og/eða tillögur í öryggisátt sem er um það bil 13 á ári eða að jafnaði, eða í það minnsta ein á mánuði.

Munurinn á mikilvægum ábendingum og tillögum í öryggisátt er, samkvæmt lögum um rannsókn samgönguslysa, sá að mikilvægar ábendingar eru almenn og ná t.d. til flugmanna almennt en tillögur í öryggisátt hafa sérstakt ferli og eru sérstaklega númeraðar samkvæmt lögum og verklagi flugsviðs RNSA. Þeir sem taka við tillögum í öryggisátt skulu taka tilhlýðilegt tillit til þeirra og hrinda í framkvæmd ef við á og skulu án tafar og eigi síðar en innan þriggja mánaða frá því að þær bárust, gera nefndinni grein fyrir því hvernig brugðist hafi verið við eða hvers vegna ekki hafi verið brugðist við þeim. Rannsóknarnefnd samgönguslysa skal svo, innan tveggja mánaða frá því að henni var gerð grein fyrir viðbrögðum, tilkynna viðkomandi aðila hvort nefndin telji þau fullnægjandi.



Á árinu 2013 tók flugsvið Rannsóknarnefndar samgönguslysa við af Rannsóknarnefnd flugslysa sem stofnuð var árið 1996. Ef litið er á lengra tímabil þá hafa þessar stofnanir sameiginlega gefið út samtals 347 tillögur í öryggisátt eða mikilvægar ábendingar (áður tilmæli) frá árinu 1996. Það hafa því verið lagðar fram um 13 tillögur/tilmæli að meðaltali á ári frá árinu 1996, tillögu og tilmæli sem stuðla að auknu flugöryggi og er það rúmlega ein á mánuði síðastliðin 27 ár.

Tillögur í öryggisátt og viðbrögð við þeim má finna á vef Rannsóknarnefndar samgönguslysa. Nánar um viðbrögð við tillögum í öryggisátt eru uppfærð á vefsvæði RNSA, <http://www.rnsa.is/tilloegur-i-oeryggisatt/>

Ef tillaga í öryggisátt eða tilmæli er á ensku, þá er það vegna þess að skýrslan var skrifuð á ensku.

Tillögur í öryggisátt sem gerðar voru á árinu 2023:

22-053F007 T1

RNSA beinir því til hönnuðar I.C.P. Savannah S að endurskoða notkun á rifluðu málmrörunum í olíukerfi hreyfilsins.

SIA-Iceland recommends to Icelandair:

19-159F044 T1

SIA-Iceland recommends to the flight operator to ensure that in the flight planning, the alternate fuel includes the time that is required to open the filed alternate airport for operation, if closed during the expected time of use.

SIA-Iceland recommends to Isavia Regional Airports:

19-159F044 T2

SIA-Iceland recommends to Isavia Regional Airports to ensure that there is an established communication link between the Reykjavik Airport Operations department and Approach Control outside the BIRK normal opening hours.

19-159F044 T3

SIA-Iceland recommends to Isavia Regional Airports to review the rescue and firefighting staffing at BIRK, BIAR and BIEG with respect to this report's findings, or advertise in the AIP that CAT-7 aircraft can land under the airport's CAT-6 capability as the airport has fewer than 700 movements (landings and takeoffs) in the three busiest months at the airport.

SIA-Iceland recommends to Isavia ANS:

19-159F044 T4

SIA-Iceland recommends to Isavia ANS to review if it would be feasible to install a procedure regarding broader information sharing and activation protocol, between the international airports (BIKF, BIRK, BIAR and BIEG), Approach Control, and the Reykjavik Area Control Center, in case of one of those airports closing.

19-159F044 T5

SIA-Iceland recommends to Isavia ANS to review the feasibility of having a shift manager, or train his deputies (shift supervisors), on duty during nighttime in the Reykjavik Area Control Center, for strategic oversight.

SIA-Iceland recommends to Icetra:

19-159F044 T6

SIA-Iceland recommends to Icetra to review the need to issue a guidance or instructions to operators on Icelandic AOC regarding fuel requirement to alternate airports in Iceland, in case of flight planned for the closing hours of BIRK, BIAR and BIEG, considering the time required to open these airports.

The following safety recommendations are addressed to Isavia:

20-085F016T01

In case a single ATCO monitoring multiple frequencies in the Keflavík Airport Tower, evaluate the feasibility of temporary coupling the frequencies together to avoid multiple transmissions at the same time.

The following safety recommendation is addressed to Icetra:

20-085F016T02

In Iceland AIP AD 2 BIKF 8 -1, for Keflavik VFR Routes, (see Appendix 2) add more location references, commonly used by BIKF TWR to put VFR traffic in holding around the airport, such as HAFNIR and SANDGERDI.

20-085F016T03

To change the classification of the control zones for Keflavik from class D airspace to class C airspace.

Almenn tilmæli til flugmanna sem gerð voru á árinu 2023:

Mál 22-053F007:

RNSA beinir þeim tilmælum til umsjónamanna hreyfla af gerðinni Rotax 912, sem eru á flugvélum og fisum, að huga vel að því að tengi olíuleiðslna séu þétt þannig að loft komist ekki inn á olíukerfið á soghlið þess.

Í ljósi þess að erfiðlega gekk að ná góðu símasambandi við Neyðarlínuna af Fúlukinnarfjalli vísar RNSA í fyrri ábendingu umferðarsviðs (málsnúmer 19-093U009) og hvetur fjarskiptafyrirtæki og fjarskiptasjóð til þess að halda áfram uppbyggingu á fjarskiptakerfi landsins og reyna eins og mögulegt er að fylla upp í göt sem finna má víða á landinu.

Mál 19-159F044:

SIA-Iceland recommends to all flight operators, both domestic and foreign, flying into Icelandic airports to ensure that in the flight planning, the alternate fuel includes the time that is required to open the filed alternate airport for operation, if closed during the expected time of use.

Mál 20-085F016:

SIA-Iceland reminds pilots, that if there is any doubt about ATC instructions, further communication should take place for confirmation.

ERLENT SAMSTARF 2023

Flugsvið RNSA tók virkan þátt í tengslaneti rannsakenda í Evrópu (ENCASIA) bæði í Belgíu sem og á á fjarfundarformi, en tengslanetið er á vegum Evrópusambandsins.

Rannsakandi RNSA sótti sameiginlegan fund ECAC og ICAO um aðstoð við fórnarlömb og aðstandendur flugslysa á Ítalíu í febrúar, fyrir hönd rannsóknarnefndarinnar, Samgöngustofu og Innviðaráðuneytisins.

Rannsakandi RNSA sótti norðurlandafund rannsóknarnefnda flugslysa/samgönguslysa í Noregi í mars.

Rannsakandi RNSA sótti Evrópuráðstefnu rannsakenda (ESASI) í Slóvakíu í apríl, auk hefðbundins fundar hjá flugöryggisstofnun Evrópu (EASA).

Rannsakandi RNSA sótti Evrópufund ECAC í Frakklandi í október.

Hefðbundin alþjóðaráðstefna flugslysarannsakenda (ISASI), sem haldin var í Bandaríkjunum í ágúst, var sótt af einum rannsakenda RNSA.

Þegar flugslys eða alvarleg flugatvik eru tekin til rannsóknar hafa önnur ríki svo sem hönnunarríki, ríki framleiðanda og skráningaríki loftfara, rétt til þátttöku í rannsókninni. Í tengslum við rannsóknir sem í gangi voru á árinu 2023 var flugsvið RNSA í samstarfi við erlendar rannsóknarnefndir, svo sem NTSB (Bandaríkin), TSB (Canada), AAIB (Bretland), BEA (Frakkland), ANSV (Ítalía), UEIM (Tyrklandi), Havarikommisjonen (Danmörk), AAIU (Belgíu), AAIB (Indlandi), BFU (Þýskaland) og FSIA (Austurríki). Einnig skipaði RNSA trúnaðarfulltrúa (ACCREP) við tvær erlendar rannsóknir.

NÁMSKEIÐ og ÆFINGAR 2023

Rannsakendur RNSA sóttu drónanámskeið hjá Mennta- & starfsþróunarsviðs lögreglu í janúar.


Rannsakandi RNSA tók þátt í jafningjaskoðun ENCASIA á rannsóknarnefnd samgönguslysa í Noregi í maí.

Nokkrar flugslysaæfingar voru haldnar á vegum Isavia á flugvöllum á árinu og tók rannsakandi RNSA þátt og hélt kynningar fyrir viðbragðsaðila á flugslysaæfingunni á Húsavík.


BANASLYS

Eitt banaslys varð í flugi á Íslandi á árinu 2023. Sex banaslys hafa verið í flugi á íslensk skráðum loftförum á síðustu 10 árum. Árið 2015 voru tvö banaslys. Það fyrra varð þegar N610LC, einkaflugvél af gerðinni DHC-2 Beaver, brotlenti í Barkárdal í ágúst 2015 með þeim afleiðingum að ferjuflugmaður lést og flugmaður slasaðist töluvert. Það síðara varð þegar TF-IFC, kennsluflugvél af gerðinni Tecnam P2002JF brotlenti í Kapelluhrauni sunnan Hafnarfjarðar í nóvember 2015 með þeim afleiðingum að tveir menn létust. Á árinu 2019 urðu tvö banaslys, annarsvegar þar sem þrír létust í einkaflugi þegar N3294P, tveggja hreyfla einkaflugvél af gerðinni Piper PA23, brotlenti við Múlakot í júní 2019 og hinsvegar þar sem einn lést í einkaflugi þegar TF-CRZ, sem var af gerðinni Piper PA-12 Replica, brotlenti á Haukadalsmelum í júlí 2019. Á árinu 2022 létust fjórir þegar TF-ABB, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N, hafnaði í Þingvallarvatni í febrúar 2022. Á árinu 2023 létust þrír þegar TF-KLO, einkaflugvél af gerðinni Textron 172N hafnaði á fjalli á Austurlandi.

Alls hafa því 14 einstaklingar farist í sex flugslysum á síðustu 10 árum á Íslandi.




Á næstu síðu má sjá fjölda banaslysa á íslensk skráðum loftförum frá upphafi. Þar má meðal annars sjá að á árunum 2001 -2008 voru átta ár samfleytt án banaslysa í flugi á Íslandi. Eins og greint er frá að ofan voru engin banaslys á árunum 2016-2018 og að frátöldu átta ára tímabilinu voru síðast þrjú banaslysalaus ár á árunum 1953 – 1955.



OPNAR RANNSÓKNIR Í ÁRSLOK 2023


Í lok ársins 2023 voru 19 mál sem ekki var búið að ljúka á flugsviði RNSA. Er það fjölgun um 3 mál frá árinu 2022 en fækkun að jafnaði ef litið er til meðaltals síðustu tíu ára. Af opnum málum í árslok 2023, voru tólf mál frá árinu 2023, fimm frá árinu 2022, eitt mál frá árinu 2021 og eitt mál frá árinu 2019. Þá er meðalaldur mála undir meðallagi á milli ára og stóð hann við lok árs 2023 í 1,08, en meðaltal síðustu 10 ára er 1,22 ár.

Aldur opinna mála



Opin mál í árslok

Á súluritinu hér fyrir neðan má sjá að fækkun er á málum á flugsviði RNSA sem ekki var búið að ljúka í árslok 2023, ef litið er á þróun síðustu tíu ára. Tíu ára meðaltal opinna mála í árslok reiknast 22,3 og eru opin mál í árslok því vel fyrir neðan meðaltal eða 19 talsins.





Reykjavík – Janúar 2024